

BEIÐNI UM SKULDBREYTINGU

(SKILMÁLABREYTINGU) – 1/3



Upplýsingar um skuldabréf

Lánanúmer: _____ Upphafleg fjárhæð skuldabréfs: _____
Útgáfudagur: _____ Uppreiknaðar eftirstöðvar: _____

Upplýsingar um skuldara

Skráður skuldari: _____ Kennitala: _____
Netfang: _____ Sími: _____
Samskuldari (ef við á): _____ Kennitala: _____
Veð og veðréttur: _____

Breyting sem óskað er eftir

- Lenging lánstíma úr _____ árum í _____ ár
- Stytting lánstíma úr _____ árum í _____ ár
- Fjölgun gjalddaga í 12 á ári
- Beiðni um að vanskilum og kostnaði sé bætt við höfuðstól lánsins vegna greiðsluerfiðleika
- Frysting láns í _____ mánuði vegna greiðsluerfiðleika (3 - 6 mánuði)
- Annað: _____

Ástæður fyrir beiðni

Rökstuðningur skuldara (ef um vanskil eða frystingu er að ræða)

Upphafsstafir umsækjenda

Fylgiskjöl

- Nýjar eftirstöðvar annarra áhvílandi lána sem framar eru í veðröð, ef einhver eru, eða síðustu greiddu greiðsluseðlar/kvittanir
- Afrit af löggiltum persónuskilríkjum

Greiðslumat skuldara og samskuldara, ef við á*

* Birta óskar eftir greiðslumati ef við á

Sjá samþykki fyrir öflun og notkun upplýsinga úr fjárhagskerfum og fjárhagslegra upplýsinga og annarra gagna á næstu síðu.

Sjóðnum er heimilt að hafna beiðni skuldbreytingu (skilmálabreytingu) þegar ekki er sýnt fram á fullnægjandi greiðslugetu að mati sjóðsins eða ef vafi er talinn leika á greiðslugetu umsækjanda.

SAMÞYKKI SKULDARA OG SAMSKULDARA (EF VIÐ Á) FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN UPPLÝSINGA ÚR FJÁRHAGSKERFUM, FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA OG ANNARRA GAGNA Í TENGLUM VIÐ UMSÓKN ÞESSA

Ég/við undirritaður/undirrituð veiti/veitum Birtu lífeyrissjóði, kt. 430269-0389, fullt og ótakmarkað umboð til þess að óska eftir upplýsingum um stöðu allra útlána og annarra fjárskuldbindinga sem ég/við nú stend/stöndum í við fjármálastofnanir og opinbera aðila, hvort sem um er að ræða banka, sparissjóði, lífeyrissjóði, skattayfirvöld, Íbúðalánasjóð, aðrar fjármálastofnanir eða opinberar stofnanir, ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum og skyldum mínum/okkar, þ.m.t. hvort þau séu í vanskilum eða komin í innheimtu hjá þriðja aðila. Einnig veitir umboðið heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem heimild hefur til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur framangreindar fjárskuldbindingar.

Umboð þetta veitir Birtu lífeyrissjóði jafnframt heimild til að sækja upplýsingar um lánshæfismat mitt/okkar til Creditinfo Lánstrausts hf. áður en ákvörðun er tekin um lánaþingreiðslu og á meðan lánsviðskipti aðila eru fyrir hendi, enda byggir notkun lánshæfismatsins ætíð á lögvörðum hagsmunum lífeyrissjóðsins. Lánshæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá, hlutafélagaskrá, skattskrá, o.fl. Lánshæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um þróun vanskila og lánshæfismats.

Einnig veitir umboðið Birtu lífeyrissjóði heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína/okkar, þ.e. fasteigna- og ökutækjæign, sem miðlað er af Creditinfo Lánstrausti hf. og sóttar eru í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofu) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. lögum nr. 90/2018. Einnig veitir umboðið heimild til að sækja upplýsingar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga um greiðslur meðlaga, þ.e. upplýsingar um mánaðarlega greiðslubyrði, samkomulög og greiðslustöðu, þar með talið hvort um vanskil er að ræða. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera og ekki liggja þegar fyrir.

Framangreint samþykki um öflun upplýsinga er í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samþykki þetta fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Birta lífeyrissjóður heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til. Heimilt er einnig að afturkalla samþykki þetta að því marki sem sjóðnum er ekki nauðsynlegt að afla umræddra gagna vegna lánsviðskipta sem ekki er lokið og tekur afturköllun gildi 30 dögum eftir að sjóðurinn hefur sannanlega mótttekið skriflega afturköllun.

Undirritaður/uð lýsir/lýsa hér með yfir að hafa kynnt sér lánareglur og veðkröfur sjóðsins og samþykkir/samþykkja skilmála um öflun og notkun gagna, sbr. ofangreint.

Undirskriftir

Ég geri mér grein fyrir því að með undirskrift minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Birtu lífeyrissjóði. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu Birtu lífeyrissjóðs.

Staður og dagsetning

Undirskrift skuldara – nafn og kennitala

Undirskrift samskuldara (maka/sambúðaraðila) – nafn og kennitala

Yfirfarið af starfsmanni sjóðsins